

NORÐLINGUR

25. blað.

Akureyri, 31. ágúst 1929

II ár

Karlmannshattar,

frá kr. 6,75.

Mikið úrval
nýkomið.

Brauns Verslun,
Páll Sigurgeirsson.



Sighvatur Bjarnason,
fyrrum bankastjóri.

Hann ljest í fyrrinótt á heimili sínu í Reykjavík. Mun hafa orðið nokkuð fljótt um hann. Heilsan var ekki sterk síðustu árin, fjekk hann mikið áfall fyrir nokkrum árum í byllu á götu og náði sjer aldrei eftir það.

Með Sighvati er til moldar genginn einn af mikilhæfustu og þjóðkunnustu borgurum Reykjavíkur, maður, sem ávann sjer því meira traust og virðingu, þess lengri kynni, sem menn höfðu af honum.

Fæddur var Sighvatur í Hlíðarhúsum við Reykjavík 25. jan. 1859. Var hann því rúmlega 70 ára. Foreldrar hans voru Bjarni Kristjánsson tómthúsmaður og Þórbjörg Sighvatsdóttir. Ljest hún fyrir fáum árum.

Haustið 1873 rjediðist Sighvatur á skrifstofu til Jóns Jónssonar, sem þá var ritari Hilmar Finsen landshöfðingja. En síðar varð hann ritari landshöfðingja og gegndi því starfi til 1885.

Þá fjekk hann veitingu fyrir bókarastöðu við Landsbankann, og tók við þeirri stöðu 1886, þegar bankinn tók til starfa. Rækti hann það

starf þar til 1904, að Íslandsbanki var stofnaður, og hann varð þar bankastjóri. Því ábyrgðarmikla og vandasama starfi hjelt hann allt þangað til 1921.

Þessar fáu staðreyndir sýna, hver dugur og kjarkur bjó í Sighvati, hverjum hæfileikum og starfhæfni fátæki tómthúsmanntsonurinn var gæddur. Hann gengur ekki í neinn skóla, hann virðist enga aðstöðu hafa til að komast lengra en aðrir fátækir drengir í Reykjavík. En samt stfgrur hann í hverja trúnaðarstöðuna annari meiri. Samviskusemin, árveknin, víðsýni og fjármálaglöggskygni brutu honum veginn.

En þó minst sje hjer að framan á feril Sighvats, er þar minst sagt af þeim störfum, sem á hann hlóðust. Það var alt af til hans leitað, ef vekja skyldi einhverju fyrirtæki eða stofnun traust. Það var al-kunnugt, að ekki var flanað að neinu, sem hann var riðinn við. Rjett t. d. má nefna, að hann var einn af fyrstu 5 mönnum, sem stofnuðu Oddfellow-regluna hjer á landi, í stjórn gamla Heilsuhælisfjellagsins, formaður styrktarsjóðs verslunarmanna, í stjórn Verslunarskólans, forseti bæjarstjórnar Rvíkur um langt skeið, og fleira og fleira, sem hjer yrði of langt að rekja. Því það þótti hverju góðu máli borgið, sem hann fjekst til að ljá lið.

Sighvatur var einkar skemtilegur maður, ræðinn og fjörlyndur, skein af honum áhuginn og dugnaðurinn. Hann var manna fróðastur um ýmsa hluti, og hafði frá mörgu að segja, úr reynslu langrar viðburðaríkrar æfi.

Frá Sauðárkróki komu þeir í gærmorgun Sigurður Sigurðsson sýslumaður og Jónas Kristjánsson hjerads-læknir og frú hans. Hjónin hjeldu áfram austur til Húsavíkur, en sýslumaður dvelur hjer í bænum.

AKUREYRAR BÍÓ

Ný mynd!

Laugardagskvöldið kl. 8^{1/2}:

Leynardómar
Austurlanda.

Einkennileg og skrautleg kvikmynd í 11 þáttum, tekin af Ufa-fjelaginu.

Aðalhlutverkin leika:

Nicholas Koline,
Marcella Albani,
Agnes Petersen og
Ivan Petrowitch.

Þessi viðburðaríka og fagra mynd sýnir draum Austurlandamanns eins af lágum stigum, Ali skósmiðs. En draumurinn sýnir eftur betur en langar bækur Austurlandameninguna í allri sinni dýrð og margháttða breytileik. Þar er hvert hlutverkið öðru betur leikið.

Gullsaumað
stokkabelti,

(nýr saumur),

og nokkrir *upphlutsbordar* verða til sýnis og sölu nokkra daga hjá

Önnu & Freyju

Teknar pantanir á sama stað.

Mikið munstra-úrval.

Veidibjallan flaug í gærkvöldi alla leið austur að Langanesi í síldarleit. En sá hvergi nokkra bröndu á allri þeirri leið.